# Samband íslenskra sveitarfélaga

## Fjárhagsáætlun
## 2025

Tillaga lögð fram á stjórnarfundi 13. desember 2024

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
105 Reykjavík

kt. 550269-4739

Skjal sótt af '999999999' dags: 12.02 2025

Skjal sótt af '999999999' dags: 12.02 2025

*Fjárhagsáætlun 2025*
*© Samband íslenskra sveitarfélaga*
*Þjónustusvið Borgartúni 30*
*Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík*
*Ábyrgðarmaður: Valur Rafn Halldórsson*

# Greinargerð - fjárhagsáætlun 2025

## 1 INNGANGUR

Við gerð fjárhagsáætlunar Sambandsins fyrir árið 2025 var stuðst við stöðu á rekstri ársins árið 2024. Það þurfti þó að horfa mikið til þess að rekstur Sambandsins árið 2024 verður töluvert frábrugðinn fyrri árum vegna skipulagsbreytinga og töluverðra mannabreytinga. Jafnframt var horft til þess að á næsta ári mun Sambandið fagna 80 ára afmæli sínu.

Í áætluninni er gengið út frá því mati, að verðbólguþróun milli áranna 2024 og 2025 verði um 5,0%, og að launakostnaður hækki um 5,3% á milli ára m.t.t. launahækkana og breytinga á meðaltalsársverkum starfsfólks.

Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2025 var höfð að leiðarljósi, eins og endranær, sú meginregla að aðhalds sé gætt í rekstri og fjármunir Sambandsins nýttir vel til þess að sinna þeim mikilvægu verkefnum, sem Sambandinu og starfsfólki þess eru falin.

### YFIRLIT UM HELSTU FJÁRHÆÐIR OG SAMANBURÐUR MILLI ÁRA:

| Fjárhæðir í þús. kr. | Áætlun 2025 | Áætl. ársr. 2024 | Ársreikn. 2023 | Breyting 24-25 | Breyting 23-24 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 1.193.420 | 1.108.155 | 1.031.246 | 7,7% | **7,5%** |
| **Rekstrargjöld** | 1.189.974 | 1.084.982 | 910.949 | 9,7% | **19,1%** |
| **Rekstrarafkoma** | 3.446 | 23.172 | 41.467 | -85,1% | **-44,1%** |
| **Fjármagnsliðir** | 8.295 | 9.533 | 4.318 | -13,0% | **120,8%** |
| **Afkoma ársins** | 11.741 | 32.705 | 45.785 | -64,1% | **-28,6%** |
| **Eignir** | 379.395 | 520.435 | 348.576 | -27,1% | **49,3%** |
| **Heildarskuldir** | 121.100 | 241.175 | 131.466 | -49,8% | **83,5%** |
| **Eigið fé** | 258.295 | 279.260 | 217.110 | -7,5% | **28,6%** |
| **Handbært fé** | **146.655** | **288.153** | **117.244** | **-49,1%** | **145,8%** |

## 2 REKSTRARTEKJUR

Bundið framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er megintekjustofn Sambandsins og er framlagið ákveðið hlutfall af tilgreindum tekjum jöfnunarsjóðs. Framlagið er áætlað **770,6 m.kr.**, en endanlegt framlag jöfnunarsjóðs er ákveðið með fjáraukalögum í árslok. Þá er gert ráð fyrir **28 m.kr.** framlagi frá jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk og á það framlag að standa á móti kostnaði Sambandsins við verkefni sem snúa að þessum málaflokki. Ekki er gert ráð fyrir neinu rekstrarframlagi úr Bakhjarli Sambandsins á árinu 2025.

Tekjuliðurinn seldar vörur og þjónusta samanstendur af greiðslu sveitarfélaganna vegna Jafnlaunastofu, þjónustu Samninganefndar Sambandsins við sveitarfélögin, framlags vegna samstarfsverkefna í úrgangsmálum og stafrænni framþróun að fjárhæð samtals **179 m.kr**., endurgreiðslum samstarfsstofnana Sambandsins vegna þjónustu eða samreksturs á skrifstofu Sambandsins að fjárhæð **52 m.kr.,** þátttökugjöldum á ráðstefnum, námskeiðum o.fl. **22,0 m.kr.** og auglýsingar vegna Sveitarstjórnarmála **1,0 m.kr.**

Aðrar tekjur felast í framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna reksturs skrifstofu Sambandsins í Brussel að fjárhæð **24 m.kr.,** styrkur vegna ráðningar forvarnarfulltrúa **16 m.kr.,** styrkur vegna sérfræðinga í evrópustyrkjum **21 m.kr.,** styrkur vegna íslenskra æskulýðsrannsókna **20 m.kr.** styrkur vegna úrgangsmála **27,5 m.kr.,** Einnig er þar framlag frá Jöfnunarsjóði útaf vinnu við stofnun fagteymis vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni upp á **7 m.kr.** og **25 m.kr**. frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu vegna Veitu – umsóknarafgreiðslukerfi okkar sem var upphaflega þróuð fyrir afgreiðslu umsókna um fjárhagsaðstoð inná

Skjal sótt af '99999999' dags: 12.02 2025

Island.is. Ætlunin með styrknum er að kosta þróun á Veitu til að geta tekið við fleiri umsóknum af Ísland.is með forgang á "Gott að eldast" og til að greina tæknilega útfærslu vegna Endurhæfingaráætlana skv. nýju lögunum um Almannakerfinu.

### REKSTRARTEKJUR

| Fjárhæðir í þús. kr. | Áætlun 2025 | Áætl ársr. 2024 | Ársreikn. 2023 | Breyting 24-25 | Breyting 23-24 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Framlag jöfnunarsjóðs** | 798.640 | 756.665 | 719.822 | 5,0% | 5,1% |
| **Þjónusta og vörur** | 254.280 | 265.036 | 226.800 | -5,5% | 16,9% |
| **Aðrar tekjur** | 140.500 | 86.453 | 84.625 | 62,5% | 2,2% |
| **Samtals** | 1.193.420 | 1.108.155 | 1.031.246 | 7,4% | 7,5% |

## 3 REKSTRARGJÖLD

Stærsti einstaki útgjaldaliður Sambandsins eru laun og launatengd gjöld **774,3 m.kr.** Gert er ráð fyrir að launakostnaður hækki um 5,3% frá árinu 2024. Þá er búið að taka tillit til áætlaðra launahækkana á árinu 2025 vegna kjara- og ráðningarsamninga og þeirra breytinga á meðaltalsársverkum starfsfólks sem áætlaðar eru á milli ára. Í áætlun ársins 2025 er gert ráð fyrir að stöðugildin verði 35,7 en voru 32,6 árið 2024.

Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í mannauðsmálum snúa að ráðningu sérfræðings á þróunarsviði vegna fæðingarorlofs, ráðning lögfræðings á þjónustusvið, ráðningu sérfræðing í umhverfismálum og vegna velsældar verkefnis. Sem og ráðningu sérfræðing í evrópustyrkjum en það starf er fjármagnað af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Meðaltals ársverk starfsmanna árið 2025 eru áætluð 35,7 sem er sami fjöldi og var hjá okkur árið 2023.

### MEÐALTALSÁRSVERK 2018–2025

| 2025 | 2024 | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 35,7 | 32,6 | 35,7 | 31,1 | 29,8 | 28,8 | 28,3 | 28,1 |

### LAUN OG LAUNATENGDGJÖLD

| Fjárhæðir í þús. kr. | Áætlun 2025 | Áætl ársr. 2024 | Ársreikn. 2023 | Breyting 24-25 | Breyting 23-24 |
|---|---|---|---|---|---|
| Laun | 580.819 | 555.000 | 540.635 | 4,7% | 2,7% |
| *Þar af vegna stjórnar og nefnda* | 49.223 | 43.500 | 29.912 | 13,2% | 45,4% |
| Laun og launatengd gjöld | 774.269 | 735.375 | 701.431 | 5,3% | 4,8% |
| Störf að meðaltali | 35,7 | 32,6 | 35,7 | 9,5% | -8,7% |

Til annars rekstrarkostnaðar teljast vörukaup, þjónustukaup, skattar, fasteignagjöld o.fl. og er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður hækki um 19,1% milli áranna 2024 og 2025 og verði **412,3 m.kr.** sem er hækkun um 6,6% frá áætlun ársins 2024.

Þeir liðir og verkefni sem vega þyngst í rekstrarkostnaði árið 2025 fyrir utan hefðbundin rekstrarkostnað eru:

- Vinna við Gagnalón sveitarfélaga og tengd verkefni **8 m.kr.**
- Verkefni tengd stafrænni stjórnsýslu verða umfangsmikil á árinu en áætlað er að **58 m.kr.** verði settar í aðkeypta vinnu en þátttökusveitarfélög hafa samþykkt að greiða **33 m.kr.** af þeim kostnaði að auki hefur fengist styrkur upp á **25 m.kr.** frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.



Skjal sótt af '99999999' dags: 12.02 2025

- Sambandið verður 80 ára á næsta ári en gert er ráð fyrir **25 m.kr.** í ýmsa viðburði á árinu eins og hátíðarráðstefnu, ungmennaráðstefnu, skrif á sögu Sambandsins 1994-2024, innskönnun á myndefni Sambandsins o.fl.
- Til stendur að auka fræðslu enn frekar og þróa fleiri námskeið inn í Sveitarfélagaskólann. Áætlaður kostnaður er **12 m.kr.**
- Aðkeypt lögfræðiþjónusta og ráðgjöf **8 m.kr.**
- Í stefnumörkun Sambandsins kemur fram að Sambandið skuli setja reglur um skilyrði þess að sveitarfélög geti sótt um stuðning frá Sambandinu til þess að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar. Reglurnar hafa verið settar og er gert ráð fyrir að **2,0 m.kr.** verði varið til þessa verkefnis á árinu.
- Vinna við stofnun fagteymis skv. aðgerðaráætlun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038, **14 m.kr.**
- Áframhaldandi þróun á Björgu gervigreindarlausn Sambandsins, **5 m.kr.**
- Hefja framleiðslu á hlaðvarpsþáttum Sambandsins, **2 m.kr.**
- Ýmis verkefni tengd samskiptamálum og markaðssetningu, **8 m.kr.**
- Ýmis aðkeypt vinna við útgáfu á leiðbeiningum fyrir sveitarfélögin **8 m.kr.**

Til viðbótar við þetta eru fjölmörg verkefni sem snúa að þeim föstu verkefnum sem Sambandið sinnir og er horft til þess að kaupa sérfræðiaðstoð á þeim sviðum þar sem álag er of mikið og þar sem Sambandinu skortir sérfræðiþekkingu.

### ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

| Fjárhæðir í þús. kr. | Áætlun 2025 | Áætl ársr. 2024 | Ársreikn. 2023 | Breyting 24-25 | Breyting 23-24 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Annar rekstrarkostnaður** | 412.278 | 346.180 | 284.921 | 18,0% | 21,5% |

Afkoma ársins er áætluð jákvæð upp á rúmar **11,7 m.kr.**

Með áætluninni 2025 fylgir til samanburðar ársreikningur 2023, drög að áætluðum ársreikningi 2024 og fjárhagsáætlun 2024, ásamt sundurliðun á viðskiptareikningi sveitarfélaganna vegna kjaramála.

## 4 LOKAORÐ

Það hefur verið meginmarkmið sviðsstjóra þjónustusviðs við gerð tillögu að fjárhagsáætlun að áfram verði gætt aðhalds í rekstri Sambandsins og verður því beint til annars starfsfólks að leggja því verkefni lið. Einnig hefur verið lögð áhersla á að afla sértekna vegna útgjalda í tengslum við ný verkefni og þjónustu þannig að þau standi undir sér fjárhaglega án þess að íþyngja hefðbundum rekstri Sambandsins.

Reykjavík 13. desember 2024,

Valur Rafn Halldórsson
*sviðsstjóri þjónustusviðs*

Skjal sótt af '99999999' dags: 12.02 2025

# Áætlaður rekstrarreikningur 2025

| | Fjárhagsáætlun 2025 | Ársreikningur 2024 | Fjárhagsáætlun 2024 | Ársreikningur 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | 798.640.000 | 756.664.996 | 756.000.000 | 719.821.927 |
| Seldar vörur og þjónusta | 254.280.000 | 265.036.262 | 269.193.538 | 226.799.571 |
| Aðrar tekjur | 140.500.000 | 86.453.284 | 103.500.000 | 84.624.777 |
| | 1.193.420.000 | 1.108.154.542 | 1.128.693.538 | 1.031.246.275 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 774.269.000 | 735.375.142 | 736.985.000 | 701.431.433 |
| Annar rekstrarkostnaður | 412.277.597 | 346.180.227 | 386.697.089 | 284.920.687 |
| Afskriftir | 3.427.000 | 3.427.000 | 3.427.000 | 3.426.750 |
| | 1.189.973.597 | 1.084.982.369 | 1.127.109.089 | 989.778.870 |
| Rekstrarafkoma ársins | 3.446.403 | 23.172.173 | 1.584.449 | 41.467.405 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | |
| Vaxtatekjur | 8.300.000 | 9.533.014 | 5.100.000 | 4.318.510 |
| Vaxtagjöld | ( 5.000 ) | | ( 5.000 ) | ( 999 ) |
| | 8.295.000 | 9.533.014 | 5.095.000 | 4.317.511 |
| **Afkoma ársins** | 11.741.403 | 32.705.187 | 6.679.449 | 45.784.916 |



Skjal sótt af '99999999' dags: 12.02 2025

# Áætlaður efnahagsreikningur 31. desember 2025

## Eignir

| | 2025 | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| 65% af 5. hæð, Borgartúni 30, Rvk. | 125.824.247 | 128.000.740 | 131.427.490 |
| | 125.824.247 | 128.000.740 | 131.427.490 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 621.000 | 620.711 | 620.711 |
| | 621.000 | 620.711 | 620.711 |
| Fastafjármunir samtals | 126.445.247 | 128.621.451 | 132.048.201 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 50.000.000 | 46.340.830 | 85.040.560 |
| Ýmsar skammtímakröfur | 56.294.968 | 57.319.837 | 14.243.343 |
| Handbært fé | 146.655.282 | 288.152.804 | 117.244.310 |
| Veltufjármunir samtals | 252.950.250 | 391.813.471 | 216.528.213 |
| **Eignir samtals** | 379.395.497 | 520.434.922 | 348.576.414 |

## Eigið fé og skuldir

| | 2025 | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Eiginfjárreikningur | 258.295.497 | 279.259.576 | 217.110.295 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 26.000.000 | 68.897.428 | 38.634.099 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 95.100.000 | 172.277.918 | 92.832.020 |
| | 121.100.000 | 241.175.346 | 131.466.119 |
| Skuldir samtals | 121.100.000 | 241.175.346 | 131.466.119 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 379.395.497 | 520.434.922 | 348.576.414 |

Skjal sótt af '99999999' dags: 12.02 2025

# Áætlað sjóðstreymisyfirlit 2025

| | Fjárhagsáætlun 2025 | Áætl. ársr. 2024 | Fjárhagsáætlun 2024 | Ársreikningur 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | |
| Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi ............. | 11.741.403 | 32.705.187 | 6.679.449 | 45.784.916 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir ............................................................ | 3.427.000 | 3.427.000 | 3.426.750 | 3.426.750 |
| Veltufé frá rekstri | 15.168.403 | 36.132.187 | 10.106.199 | 49.211.666 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | |
| Skammtímakröfur (hækkun) lækkun .................... | ( 2.634.301 ) | ( 39.140.525 ) | ( 16.324.652 ) | 56.601.424 |
| Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun .................. | ( 120.075.346 ) | 94.507.946 | ( 57.967.400 ) | ( 6.751.462 ) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | ( 122.709.647 ) | 55.367.421 | ( 74.292.052 ) | 49.849.962 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | ( 107.541.244 ) | 91.499.608 | ( 64.185.853 ) | 99.061.628 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | |
| Endurbætur í Borgartúni 30 .................................... | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Framlag frá (til) Bakhjarls sambandsins .................... | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **(Lækkun), hækkun á handbæru fé ............................** | ( 107.541.244 ) | 91.499.608 | ( 64.185.853 ) | 99.061.628 |
| **Handbært fé í ársbyrjun ...........................................** | 307.805.546 | 216.305.938 | 216.305.938 | 117.244.310 |
| **Handbært fé í árslok ..................................................** | 200.264.302 | 307.805.546 | 152.120.085 | 216.305.938 |



Skjal sótt af '99999999' dags: 12.02 2025

# Samninganefnd

Áætlun 2025

| | Áætlun 2025 | Staða 2024 | Áætlun 2024 | Ársreikningur 2023 |
|---|---|---|---|---|
| **Jafnlaunastofa** | | | | |
| Laun | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Launatengd gjöld | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vörukaup | 0 | 0 | 0 | |
| Þjónustukaup | 51.000.000 | 47.306.000 | 47.300.000 | 45.804.000 |
| Samtals kostnaður | 51.000.000 | 47.306.000 | 47.300.000 | 45.804.000 |
| Skuldfært á sveitarfélögin | ( 47.300.000 ) | ( 47.306.000 ) | ( 47.300.000 ) | ( 45.804.000 ) |
| Samtals | 3.700.000 | 0 | 0 | 0 |
| **Sérkostnaður kjarasviðs** | | | | |
| Þjónustukaup | 50.000.000 | 50.000.000 | 50.000.000 | 50.000.000 |
| Skuldfært á sveitarfélögin | ( 50.000.000 ) | ( 50.000.000 ) | ( 50.000.000 ) | ( 50.000.000 ) |
| | 0 | 0 | 0 | 0 |

## Viðskiptareikningur kjaramála hjá sambandinu

| | Áætlun 2025 | Staða 2024 | Áætlun 2024 | Ársreikningur 2023 |
|---|---|---|---|---|
| Áramótastaða | 50.804.336 | 35.549.826 | 35.549.826 | 19.021.584 |
| Starfsmat | 51.000.000 | 47.306.000 | 47.300.000 | 45.804.000 |
| Sérkostnaður kjarasviðs | 50.000.000 | 50.000.000 | 50.000.000 | 50.000.000 |
| Reikningsfært hjá sveitarfélögum og st. þeirra | ( 85.000.000 ) | ( 82.051.490 ) | ( 81.300.000 ) | ( 79.275.758 ) |
| Staða í lok tímabils | 66.804.336 | 50.804.336 | 51.549.826 | 35.549.826 |



Skjal sótt af '99999999' dags: 12.02 2025